

Próf til mats á almennri þekkingu, lesskilningi/rökfærslu og hæfni til nálgunar/úrlausnar vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitæfni.

Eftirfarandi upplýsingar gefa heildarlýsingu á fyrirkomulagi prófsins og dæmi um prófspurningagerð. Einstakir prófhlutar geta breyst er varðar vægi og spurningagerð.

I. ALMENN ÞEKKING

Um er að ræða krossaspurningar þar sem einungis má merkja við einn möguleika. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

- Hvað nefnist hálsinn milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls?
A Reynivallaháls
B Sveifluháls
C Fimmvörðuháls
D Skógaháls
- Hvað hét geimskutlan sem sprakk í loft upp skömmu eftir flugtak, árið 1986?
A Columbia
B Enterprise
C Galileo
D Challenger
- Hvaða ævintýrapersóna ók á dansleik í vagni sem gerður var úr graskeri?
A Öskubuska
B Mjallhvít
C Þyrnirós
D Rauðhetta
- Hver er sjötta reikistjarnan frá sólu talið í sólkerfi okkar?
A Úranus
B Júpíter
C Satúrnus
D Mars
- Hvert þessara dýra er sagt blæsma um fengitímann?
A Hross
B Kindur
C Hundar
D Kýr

II. LESSKILNINGUR OG YRT RÖKFÆRSLA

Um er að ræða staðlað próf til að meta hæfni varðandi lesskilning og rökfærslu með krossaspurningum, þar sem einungis má merkja við einn möguleika. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

III. SPURNINGAR ER VARÐA NÁLGUN OG ÚRLAUSN VANDAMÁLA SVO OG SPURNINGAR UM SIÐFRÆÐILEG ÁLITAEFNI.

Um ritgerðaspurningar er að ræða og ætlast er til að spurningum sé svarað í stuttu máli. Lögð verður áhersla á skýra og markvissa framsetningu og að nemendur forðist málalengingar. Við fæstum spurningunum er einungis eitt „rétt“ svar eða ein „rétt“ nálgun. Hins vegar getur verið um að ræða óumdeildanlega rangt svar eða ranga nálgun. Ekki hefur verið gerð krafa um þekkingu á sérstökum lögum eða niðurstöðu nýlegra opinberra skýrsla. Hér hefur verið leitað eftir viðbrögðum, hugmyndaauðgi, rökstuðningi skoðana, innsæi og afstöðu til manneskja og vandamála þeirra. Svarað sé frá sjónarhóli heilbrigðisstarfsmanns. Leitað hefur verið eftir ákveðnum þáttum sem koma þurfa fram í svári og miðast einkunn við hlutfall þeirra sem fram koma (hafa verið skilgreindir af spurningahöfundum). Dregið er frá fyrir atriði sem augljóslega eru röng eða siðferðilega vafasöm (röng). Áætlaður tími sem uppgefinn er fyrir hverja spurningu er fyrst og fremst til viðmiðunar og sýnir ákveðið áhersluvægi.

Að neðan eru dæmi úr eldri prófum.

Verði um að ræða krossaspurningar gilda samt sem áður ofanskráð viðmið.

- **Verkefni 1:**

Íþróttamenn og aðstoðarmenn þeirra beita stundum ólöglegum aðferðum til þess að auka getu og þrótt í viðkomandi íþróttargrein. Ræðið. Nefnið nokkrar slíkar aðferðir og heilsufarsleg álitamál tengd þeim.

- **Dæmi um efnislegt innihald svars við verkefni 1.**

Í þessari spurningu er verið að leita eftir almennri þekkingu um það sem á erlendu máli er nefnt "doping" sem er bæði ólöglegt og siðlaust athæfi. Í þessu dæmi er annars vegar hægt að svara almennt um fyrirbærið út frá heilsufarslegu sjónarmiði og ábyrgð lækna og heilbrigðisstarfsfólks ef það tekur þátt í þessari gerð: hins vegar má líka svara út frá meiri og dýpri þekkingu:

"Blood-doping" notkun blóðaukandi lyfja, efna og aðferða og neysla anabolískra androgenískra stera (AAS) eru tvö dæmi um ólöglegar aðferðir.

Fyrir utan að vera ólöglegt þá er þetta siðferðilega rangt í keppnisíþróttum, og ættu því allir sem kjósa að auka afreksgetu sína á þennan hátt að hætta keppni.

Þess má gjarnan geta að þessar ólöglegu aðferðir eru það flóknaðar að þær krefjast aðstoðar lækna eða aðila með mikla sérþekkingu innan heilbrigðissviða. Efni og lyf af þessu tagi geta valdið ávana og fíkn, truflað dómgreind og hegðun. Mörg þeirra skaðvænleg áhrif á líkamann og geta leitt til dauða).

Það gengur auðvitað þvert á siðareglur lækna að taka þátt í þessum leik og þeirra hlutverk ætti því eingöngu að vera að fræða um eðli og afleiðingar steramisnotkunar íþróttum.

SÝNISHORN B

Helstu flokkar misnotkunar lyfja/efna eru t.d. örvandi efni/lyf, deyfandi lyf, þvagræsilyf, vefjaaukandi lyf svo sem sterar (anabolic androgen steroids) og hormón ýmiskonar. Auk þess er beitt ýmsum ólöglegum aðferðum, svo sem blóðgjöfum eða blóðrauðaaukandi aðferðum, skilum á fólkskum þvagsýnum o.fl.

Misnotkun á AAS felur í sér margfaldar skammtastærðir miðað við það sem notað er til lækninga. Þvílíkt magn getur haft í för með sér margs konar áhrif á heilsuna til hins verra. Má þar nefna hækkadar blóðfitur og hjartsláttartruflanir, sem geta leitt til sjúkdóma eða dauða. Nýrnabilun getur átt sér stað með viðeigandi afleiðingum. AAS hefur einnig mikil áhrif á geðslag fólks, aðallega þannig að það verður órólegra og árásagjarnara, jafnvel ofbeldisfullt og hættulegt öðrum. Sömuleiðis getur alvarlegt þunglyndi gripið fólk sem misnotar AAS, jafnvel svo að það leiði til sjálfsvígs.

Í spurningum á prófinu verður ekki gerð krafa til þekkingar á borð við það sem lýst er í seinni hluta svars.

- **Verkefni 2:**

Þú ert á vakt á bráðmóttöku og inn er flutt kona með heiftarlegar blæðingar frá meltingarvegi. Henni er að "blæða út". Af trúarástæðum bannar eiginmaður konunnar að henni verði gefið blóð. Hvað gerir þú og hvers vegna?

- **Verkefni 3:**

Í rannsókn er verið að bera saman tvö lyf A og B við Alzheimer sjúkdómi sbr. línurit (línuriti hér sleppt). Hvaða ályktanir má draga af niðurstöðunum og hvað takmarkar niðurstöðurnar?

- **Verkefni 4:**

Samkvæmt opinberum gögnum fæðast í Kína 15% fleiri sveinbörn en stúlkubörn (1.15 : 1.00). Gerið grein fyrir líklegustu þáttum er geta skýrt þetta og rökræðið hvern þeirra.